



# HRUNAMANNAHREPPUR

## 65. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR KJÖRTÍMABILIÐ 2022 – 2026

### 6. FUNDUR ÁRSINS

Árið 2025, þann 10. apríl kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14:00 í Ráðhúsi sveitarfélagsins.

Eftirtaldir sátu fundinn: Jón Bjarnason, Bjarney Vignisdóttir, Herbert Hauksson, Daði Geir Samúelsson og Alexandra Rós Jóhannesdóttir.

Auk þess sat Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri, fundinn og skráði fundargerð í tölvu.

Jón Bjarnason setti fund og stjórnaði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir komu fram.

Hér var gengið til dagskrár:

#### **Fiárhagsleg málefni – Endurskoðandi kynnið ársreikninga:**

##### **1. Ársreikningur Hrunamannahrepps 2024 – fyrri umræða.**

Lagður fram ársreikningur Hrunamannahrepps fyrir árið 2024 ásamt sundurliðunum, til fyrri umræðu. Friðrik Einarsson endurskoðandi KPMG, mætti á fundinn undir þessum lið.

*Endurskoðandi kynnti helstu kennitölur ársreiknings og svaraði fyrirspurnum. Jafnframt kynnti hann að endurskoðunarskýrsla KPMG fyrir árið 2024 yrði lögð fram við síðari umræðu. Í máli hans kom fram að enn eiga eftir að berast ársreikningar frá byggðasamlögum sem Hrunamannahreppur er aðili að og því gæti ársreikningurinn tekið einhverjum breytingum á milli umræðna en þær yrðu þó ávallt óverulegar.*

*Í framlögðum ársreikningi kom fram að rekstur A og B hluta sé jákvæður um 131,2 m.kr. en A hluta um 110,6 m.kr. Verði þetta niðurstaðan í endanlegri útgáfu reiknings er sú niðurstaða svipuð og á síðasta ári en þó ívið betri sem er ánægjulegt. Fjárfest var á árinu fyrir 408 m.kr. og greiddar afborganir af langtímalánum námu 106,7 m.kr. Engin ný lán voru tekin á árinu.*

*Sveitarstjórn þakkar góða yfirferð og samstarf við KPMG við endurskoðunina. Samþykkt samhljóða að vísa ársreikningi 2024 til síðari umræðu sem fram mun fara á fyrri fundi sveitarstjórnar í maí.*

##### **2. Ársreikningur Hitaveitu Flúða 2024.**

Lagður fram ársreikningur Hitaveitu Flúða fyrir árið 2024.

*Reikningurinn lagður fram til kynningar þar sem hann er hluti af samstæðuyfirliti A og B hluta sem samþykkt hefur verið að vísa til síðari umræðu í lið 1.*

Das

JB

~~Das~~

ABJ BJZ

3. **Ársreikningur Hrunaljóss. 2024.**

Lagður fram ársreikningur Hrunaljóss fyrir árið 2024.

*Reikningurinn lagður fram til kynningar þar sem hann er hluti af samstæðuyfirliti A og B hluta sem samþykkt hefur verið að vísa til síðari umræðu í lið 1.*

**Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:**

4. **Ungmennaráð: Fundargerð 7. fundar frá 1. apríl 2025.**

Lögð fram fundargerð 7. fundar Ungmennaráðs.

*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*

**Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps:**

5. **Fundargerð 300. fundar skipulagsnefndar frá 9. apríl 2025 og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 2. apríl sl.**

Lögð fram fundargerð 300. fundar skipulagsnefndar frá 9. apríl 2025 og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 2. apríl sl.

Eftirfarandi mál afgreidd sérstaklega:

**Mál nr.22. Smalaholt: Aukið byggingarmagn; Deiliskipulagsbreyting.**

Lögð er fram umsókn um deiliskipulagsbreytingu sem tekur til Smalaholts L197479 í Hrunamannahreppi. Í breytingunni felst að heimilt verði að byggja 40 m<sup>2</sup> geymslu/bílskúr í stað 30 m<sup>2</sup> geymslu/bílskúr.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að samþykkja framlagða breytingu á deiliskipulagi svæðisins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi.

*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir framlagða breytingu á deiliskipulagi svæðisins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi.*

**Mál nr. 23. Birtingaholt 1: Birtingaholt 1D og 1D land; Deiliskipulag.**

Lögð er fram, eftir auglýsingu, tillaga deiliskipulagsáætlunar sem tekur til tveggja nýrra lóða úr landi Birtingaholts 1. Innan deiliskipulagsins er gert ráð fyrir grænmetisræktun, allt að 500 m<sup>2</sup> aðstöðuhúsi innan byggingarreits og allt að 165 m<sup>2</sup> íbúðarhúsi. Innan byggingarreits aðstöðuhúss er einnig gert ráð fyrir aðstöðuplani og bílastæðum. Umsagnir bárust á auglýsingartíma og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins ásamt uppfærðum gögnum.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að samþykkja framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu. Nefndin telur að brugðist hafi verið við umsögnum sem bárust vegna málsins með fullnægjandi hætti innan tillögunnar. Nefndin mælist til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu. Sveitarstjórn telur að brugðist hafi verið við umsögnum sem bárust vegna málsins með fullnægjandi hætti innan tillögunnar. Sveitarstjórn samþykkir að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

DCS

*[Handwritten signature]*

*[Handwritten signature]*

B2

**Mál nr. 24. Kópsvatn 2: Breytt skilgreining námu E28; Aðalskipulagsbreyting.**

Lögð er fram eftir auglýsingu tillaga aðalskipulagsbreytingar fyrir breytingu á aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032. Með breytingunni verður efnistökusvæðið E28 á Kópsvatni stækkað úr 1,5 ha í um 24 ha. Svæðið sem um ræðir er í gildandi skipulagi landbúnaðarland. Heimilt verður að vinna allt að 300.000 m<sup>3</sup> af efni. Mikil þörf er fyrir góðar efnisnámur í uppsveitum Árnessýslu vegna byggingar íbúða og gatnagerðar, einkum á Flúðum og í Reykholti. Náman er með framkvæmdaleyfi fyrir vinnslu á 50.000 m<sup>3</sup> af efni. Umsagnir bárust á auglýsingartíma og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins ásamt viðbrögðum við þeim og uppfærðum gögnum.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að samþykkja breytingu á aðalskipulagi eftir auglýsingu. Að mati nefndar hefur verið brugðist við umsögnum sem bárust vegna málsins með fullnægjandi hætti innan tillögunnar og innan samantektar á umsögnum og viðbrögðum. Nefndin mælist til þess við sveitarstjórn að óskað verði eftir því við Skipulagsstofnun að aðalskipulagsbreytingin taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda í samræmi við 3. mgr. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir breytingu á aðalskipulagi eftir auglýsingu. Að mati sveitarstjórnar hefur verið brugðist við umsögnum sem bárust vegna málsins með fullnægjandi hætti innan tillögunnar og innan samantektar á umsögnum og viðbrögðum. Sveitarstjórn samþykkir að óska eftir því við Skipulagsstofnun að aðalskipulagsbreytingin taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda í samræmi við 3. mgr. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

**Mál nr. 25. Hrafnkelsstaðir aðveitustöð: Byggingarleyfi; aðveitustöð.**

Móttekin var umsókn þann 01.04.2025 um byggingarleyfi fyrir 223 m<sup>2</sup> aðveitustöð á viðskipta- og þjónustulóðinni Hrafnkelsstaðir aðveitustöð L166924 í Hrunamannahreppi.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að málið fái málsmeðferð á grundvelli 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar og umsögn Vegagerðarinnar. Berist engar athugasemdir vegna grenndarkynningar skal málinu vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa.

*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir að málið fái málsmeðferð á grundvelli 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar og umsögn Vegagerðarinnar. Berist engar athugasemdir vegna grenndarkynningar skal málinu vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa.*

**Mál nr. 26. Efra-Sel golfvöllur: Breyting á verslunar- og þjónustusvæði; Deiliskipulagsbreyting.**

Lögð er fram tillaga deiliskipulagsbreytingar sem tekur til Efra-Sels golfvallar L203094. Í gildandi deiliskipulagi er gert ráð fyrir gistingu í 10 gestahúsum á reit A og allt að 30 herbergja gistiálmum á byggingarreit B eða samtals 80 gestum. Í breytingunni felst að öll gisting er færð í eina byggingu neðan við núverandi golfskála auk þess sem herbergjum er fjölgað í allt að 85, sem rúma 170 gesti með tilheyrandi aðstöðu. Auk þess eru eftirfarandi byggingarheimildir skilgreindar innan deiliskipulagsbreytingar: Íbúðarlóðir Efra-Sels 1-4: Byggingarreitir eru settir um íbúðarhús með möguleika á byggingu bílskúra og stækkunar húsa. Nýtingarhlutfall er uppgefið fyrir hverja lóð og er á bilinu 0,2-0,3.

Selsvegur 1 - hótél: Heimilt er að byggja 85 herbergja hótél fyrir allt að 170 gesti, með tilheyrandi aðstöðu, s.s. eldhúsi, veitingasal, móttöku, fundarherbergi, aðstöðu fyrir starfsfólk, þvottahús o.fl. Hótelið má vera allt að 4.500 fm að stærð. Byggingin skal falla vel að landinu og umhverfi sínu og má vera 2 hæðir með kjallara.

DGS  
ASJ

Selsvegur 2: Núverandi golfskáli er á einni hæð með kjallara. Núverandi stærð er um 330 fm. Heimilt er að endurbyggja að hluta eða heild, án þess að stækka.

Selsvegur 3: Núverandi fjós er víkjandi.

Selsvegur 4 og 5: Lóðir fyrir íbúðarhús/starfsmannahús. Hús mega vera allt að 84 fm á einni hæð með 1-2 íbúðum í hverju húsi.

Vélaverkstæði og golfbílageymsla við Hvítárholtssveg: Byggja má tvö aðskilin hús á 1 hæð. Samanlagt heildarbyggingarmagn beggja húsa má vera allt að 700 fm.

Núverandi sumarhús: Lóð er 2.500 fm skv. skráningu í fasteignaskrá. Hámarksbyggingarmagn er 125 fm.

Breytt lega hótels kallar á breytingu á aðkomuvegi og bílastæðum. Fjölgun hótélherbergja kallar á breytingu á aðalskipulagi og sú breyting er í ferli samhliða deiliskipulagbreytingu. Töluverður fjöldi andmæla og athugasemda bárust við tillöguna og eru þær lagðar fram við afgreiðslu hennar ásamt viðbrögðum málsaðila.

Andmæli sem bárust vegna tillögunnar beinast að miklu leyti til breyttrar legu Selsvegar um svæðið sem muni hafa það í för með sér að aðgengi íbúa til að komast til síns heima verði þrengt og aðgengi að þjóðvegakerfi landsins verði minni. Ný staðsetning starfseminnar muni minnka möguleika landeigenda á að stunda búskap á svæðinu þar sem að aðgengi landbúnaðartækja verð skert og jafnframt muni aðgengi landeigenda Syðra-Sels verða skert verulega vegna þrengri og verri aðkomu. Að mati skipulagsnefndar er breytt lega vegarins ekki til þess fallinn að teljast verri en núverandi lega þar sem í stað tveggja krappa beygja sem á veginum eru í dag verður vegurinn nokkuð beinn með aflíðandi beygju í gegnum svæðið. Þær takmarkanir á aðgengi sem geta komið til vegna breyttrar legu vegarins snúa að umferð ökutækja og ekki síst gangandi vegfarenda þvert yfir veginn á milli Selsvegar 2, þar sem núverandi golfskáli er staðsettur og Selsvegur 1 þar sem áætlað er að uppbygging hótelsins verði staðsett. Að mati skipulagsnefndar er afar mikilvægt að sú umferð verði eins takmörkuð og unnt er. Innan uppfærðrar tillögu er gert ráð fyrir tveimur undirgöngum undir veginn og einni gangbraut. Mælist nefndin til þess að gangbraut yfir veginn verði felld út úr skipulaginu. Á milli undirgangna er gert ráð fyrir því að svæðið verði afgirt til að koma í veg fyrir að umferð gangandi vegfarenda utan undirgangna og með þeim hætti verði gott umferðarflæði tryggt í gegnum svæðið fyrir landeigendur aðliggjandi jarða og lóða. Jafnframt telur nefndin nauðsynlegt að girða eða afmarka með einhverjum leiðum svæðið norðan vegar líkt og gert er með kvöð á uppdrætti sunnan vegar. Að öðru leyti telur skipulagsnefnd að framlagðar hugmyndir séu í takt við þá stefnumörkun sem sett hefur verið fram á svæðinu um uppbyggingu. Ljóst er að á svæðinu hefur verið gert ráð fyrir golfvelli og verslunar- og þjónustusvæði um margra ára bil. Eitt af markmiðum aðalskipulags Hrunamannahrepps frá 2003-2015 er að aðstaða til golfíðkunar þróist áfram í landi Efra-Sels. Sú þróun heldur áfram innan stefnumörkunar núverandi aðalskipulags þar sem gert er ráð fyrir heimild fyrir uppbyggingu veitinga- og gistipjónustu. Jafnframt er tilgreint að uppbygging íþróttasvæða innan sveitarfélagsins verði fjölbreytt og er þar sérstaklega vísað til uppbyggingar golfvalla í tengslum við ferðapjónustu. Í deiliskipulagsbreytingunni er gert grein fyrir reiðleið í gegnum svæðið, sú skilgreining er ekki til staðar í núgildandi skipulagi. Það er til bóta að mati nefndarinnar og gefur til kynna vilja landeiganda og rekstraraðila á svæðinu til að sjá til þess að hefðbundinn landbúnaður og hestamennska geti þrífist umhverfis golfvallarsvæðið. Nefndin hvetur aðila innan svæðisins og sveitarfélagið til að vinna að þessum sameiginlegu hagsmunum með það að leiðarljósi að tryggja góðar göngu- og reiðleiðir um svæðið í heild sinni og styðja þannig við lýðheilsu markmið sveitarfélagsins. Á grundvelli uppfærðra gagna og viðbragða málsaðila ásamt bókun þessari og samantekt umsagna og viðbragða, mælist skipulagsnefnd UTU til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að samþykkja framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu með fyrirvara um uppfærð gögn. Nefndin mælist til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu með fyrirvara um uppfærð gögn. Sveitarstjórn*

DGS  
ARTJ  
B2

samþykkir samhljóða að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

**Mál nr. 27. Efra-Sel golfvöllur: Breyttur byggingarreitur og hótél; Aðalskipulagsbreyting.**

Lögð er fram tillaga aðalskipulagsbreytingar sem tekur til Efra-Sels í Hrunamannahreppi, eftir auglýsingu. Viðfangsefni aðalskipulagsbreytingarinnar er að fjölga herbergjum hótels/gistiheimilis á reit VÞ5. Aðalskipulagsbreytingin er forsenda fyrir breytingu á gildandi deiliskipulagi verslunar- og þjónustusvæðis við Efra-Sel. Innan gildandi aðalskipulags Hrunamannahrepps er gert ráð fyrir allt að 80 gistirúmum á allt að 5 ha svæði. Eftir breytingu verður gert ráð fyrir allt að 170 gistirúmum á allt að 5 ha svæði. Umsagnir og athugasemdir bárust á kynningartíma og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins.

Andmæli sem bárust vegna tillögunnar beinast að miklu leyti til breyttrar legu Selsvegar um svæðið sem muni hafa það í för með sér að aðgengi íbúa til að komast til síns heima verði þrengt og aðgengi að þjóðvegakerfi landsins verði minni. Ný staðsetning starfseminnar muni minnka möguleika landeigenda á að stunda búskap á svæðinu þar sem að aðgengi landbúnaðartækja verð skert og jafnframt muni aðgengi landeigenda Syðra-Sels verða skert verulega vegna þrengri og verri aðkomu. Að mati skipulagsnefndar er breytt lega vegarins ekki til þess fallinn að teljast verri en núverandi lega þar sem í stað tveggja krappa beygja sem á veginum eru í dag verður vegurinn nokkuð beinn með aflíðandi beygju í gegnum svæðið. Þær takmarkanir á aðgengi sem geta komið til vegna breyttrar legu vegarins snúa að umferð ökutækja og ekki síst gangandi vegfarenda þvert yfir veginn á milli Selsvegar 2, þar sem núverandi golfskáli er staðsettur og Selsvegar 1 þar sem áætlað er að uppbygging hótelsins verði staðsett. Að mati skipulagsnefndar er afar mikilvægt að sú umferð verði eins takmörkuð og unnt er. Innan uppfærðrar tillögu er gert ráð fyrir tveimur undirgöngum undir veginn og einni gangbraut. Mælist nefndin til þess að gangbraut yfir veginn verði felld út úr skipulaginu. Á milli undirgangna er gert ráð fyrir því að svæðið verði afgirt til að koma í veg fyrir að umferð gangandi vegfarenda utan undirgangna og með þeim hætti tryggja gott umferðarflæði í gegnum svæðið fyrir landeigendur aðliggjandi jarða og lóða. Jafnframt telur nefndin nauðsynlegt að girða eða afmarka með einhverjum leiðum svæðið norðan vegar líkt og gert er með kvöð á uppdrætti sunnan vegar. Að öðru leyti telur skipulagsnefnd að framlagðar hugmyndir séu í takt við þá stefnumörkun sem sett hefur verið fram á svæðinu um uppbyggingu. Ljóst er að á svæðinu hefur verið gert ráð fyrir golfvelli og verslunar- og þjónustusvæði um margra ára bil. Eitt af markmiðum aðalskipulags Hrunamannahrepps frá 2003-2015 er að aðstaða til golfiðkunar þróist áfram í landi Efra-Sels. Sú þróun heldur áfram innan stefnumörkunar núverandi aðalskipulags þar sem gert er ráð fyrir heimild fyrir uppbyggingu veitinga- og gistipjónustu. Jafnframt er tilgreint að uppbygging íþróttasvæða innan sveitarfélagsins verði fjölbreytt og er þar sérstaklega vísað til uppbyggingar golfvalla í tengsl við ferðapjónustu. Í deiliskipulagsbreytingunni er gert grein fyrir reiðleið í gegnum svæðið, sú skilgreining er ekki til staðar í núgildandi skipulagi. Það er til bóta að mati nefndarinnar og gefur til kynna vilja landeigenda og rekstraraðila á svæðinu til að sjá til þess að hefðbundinn landbúnaður og hestamennska geti þrífist umhverfis golfvallarsvæðið. Nefndin hvetur aðila innan svæðisins og sveitarfélagið til að vinna að þessum sameiginlegu hagsmunum með það að leiðarljósi að tryggja góðar göngu- og reiðleiðir um svæðið í heild sinni og styðja þannig við lýðheilsu markmið sveitarfélagsins. Á grundvelli uppfærðra gagna og viðbragða málsaðila ásamt bókun þessari og samantekt umsagna og viðbragða, mælist skipulagsnefnd UTU til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að samþykkja breytingu á aðalskipulagi eftir auglýsingu. Nefndin mælist til þess við sveitarstjórn að óskað verði eftir því við Skipulagsstofnun að aðalskipulagsbreytingin taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda í samræmi við 3. mgr. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

DCS  
RJA  
ARTJ  
BV

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir samhljóða breytingu á aðalskipulagi eftir auglýsingu. Sveitarstjórn óskar eftir því við Skipulagsstofnun að aðalskipulagsbreytingin taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda í samræmi við 3. mgr. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

**Mál nr. 28. Iðnaðarsvæði I1 í Flatholti – Deiliskipulag.**

Lögð er fram tillaga nýs deiliskipulags sem tekur til iðnaðarsvæðis I1 í Flatholti. Deiliskipulagi þessu fylgja engar byggingaheimildir. Heimilt er að láta lausabúnað standa til langframa innan lóðar, s.s. gáma, bíla, hjólhýsi(stöðuhýsi), vélahluti, byggingarefni eða álíka muni. Lóðarhafi skal ávallt huga að lóð sinni og halda henni þannig að engin hætta stafi af búnaði og munum innan hennar né sé öðrum til ama.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að deiliskipulagið verði samþykkt með fyrirvara um uppfærð gögn. Mælist nefndin til þess og tillagan verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur fyrir gerð deiliskipulagstillögunnar liggja fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir deiliskipulagið með fyrirvara um uppfærð gögn. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að tillagan verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur fyrir gerð deiliskipulagstillögunnar liggja fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins.

**Mál nr. 34. Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 2. apríl sl.**

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 2. apríl sl.

**6. Oddvitanefnd Uppsveita Árnessýslu: Fundargerð 9. fundar frá 11. mars 2025. -Lögð fyrir aftur þar sem bóka þarf sérstaklega á lið 1 og 2.**

Lögð fyrir aftur fundargerð 9. fundar Oddvitanefndar Uppsveita Árnessýslu þar sem afgreiða þarf sérstaklega lið 1 og 2.

-liður 1, ársreikningur Laugaráshéraðs, sveitarstjórn samþykkir samhljóða tillögu oddvitanefndar um að Bláskógabyggð taki við því verkefni að sjá um gerð ársreiknings fyrir Laugaráshérað.

-liður 2, Laugaráshérað, sveitarstjórn samþykkir samhljóða tillögu oddvitanefndar um að fenginn verði ráðgjafi til að skoða eignarhald og framtíð Laugaráshéraðs, kt. 620169-5879.

**7. Skóla- og velferðarþjónusta Árneshings: Fundargerð stjórnar frá 26. mars 2025.**

**-Ásamt ársreikningi**

Lögð fram fundargerð stjórnar Skóla- og velferðarþjónustu Árneshings ásamt ársreikningi.

Fundargerðin ásamt ársreikningi lögð fram til kynningar.

**Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:**

**8. Byggðasafn Árneshinga: Ársreikningur.**

Lagður fram ársreikningur Byggðasafns Árneshinga fyrir árið 2024.

Ársreikningurinn lagður fram til kynningar.

**9. Héraðsnefnd Árneshinga bs.: Ársreikningur.**

Lagður fram ársreikningur Héraðsnefndar Árneshinga bs. fyrir árið 2024.

DAS  
ABJ  
BL

*Ársreikningurinn lagður fram til kynningar.*

**10. Héraðsskjalasafn Árnesinga: Ársreikningur.**

Lagður fram ársreikningur Héraðsskjalasafns Árnesinga bs. fyrir árið 2024.

*Ársreikningurinn lagður fram til kynningar.*

**11. Listasafn Árnesinga: Fundargerðir stjórnar frá árinu 2024.**

Lagðar fram fundargerðir stjórnar Listasafns Árnesinga frá árinu 2024.

*Fundargerðirnar lagðar fram til kynningar.*

**12. Listasafn Árnesinga: Fundargerð stjórnar frá 26. febrúar 2025.**

Lögð fram fundargerð stjórnar Listasafns Árnesinga.

*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*

**13. Listasafn Árnesinga: Fundargerð stjórnar frá 28. mars 2025.  
-Ásamt ársreikningi.**

Lögð fram fundargerð stjórnar Listasafns Árnesinga ásamt ársreikningi.

*Fundargerðin ásamt ársreikningi lögð fram til kynningar.*

**14. SASS. Fundargerð 620. fundar stjórnar frá 19. mars 2025.**

Lögð fram fundargerð 620. fundar stjórnar SASS.

*Fundargerðin lögð fram til kynningar um leið og Ingunn Jónsdóttir, nýr framkvæmdastjóri SASS, er boðin hjartanlega velkomin til starfa.*

**Erindi til sveitarstjórnar:**

**15. Umsagnarbeiðni frá Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis frá 3. apríl 2025.**

Lögð fram umsagnarbeiðni frá Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis um 268. mál – Verndar- og orkunýtingaráætlun (bætt málsmeðferð og aukin skilvirkni).

*Lagt fram til kynningar.*

**16. Bréf frá Öruggara Suðurlands frá 1. apríl 2025.**

Lagt fram bréf frá Öruggara Suðurlandi vegna myndavélaeftirlits. Í ágúst í fyrra var samþykkt tillaga þess efnis að settur yrði á stofn sérstakur vinnuhópur til að fjalla um hópamyndun ungmenna í Árborg og nærliggjandi samfélögum. Meðal tillagna vinnuhópsins var að mikilvægt væri að koma upp eftirlitsmyndavélakerfi og markmiðið væri fyrst og fremst fælingarmáttur gegn óæskilegri hegðun. Því er óskað eftir að sveitarfélög á Suðurlandi, sendi framkvæmdateymi Öruggara Suðurlandi upplýsingar um staðsetningu og virkni þeirra öryggismyndavéla sem nú þegar eru á þeirra vegum, ef einhverjar eru. Jafnframt er óskað eftir því að fram fari greining eða mat á því hvort þörf sé fyrir frekara myndavélaeftirlit í sveitarfélaginu og að gerð verði grein fyrir því mati.

*Sveitarstjórn tekur undir það sjónarmið að öryggi felist í uppsetningu öryggismyndavéla við aðkomur inn í sveitarfélagið sem væru þá beintengdar við stjórnstöð lögreglu og eingöngu notaðar í löggæslu tilgangi. Tiltölulega einfalt er að vakta aðkomuleiðirnar þar sem Hrunamannahreppur er skýrt afmarkaður af Stóru-Laxá og Hvítá og aðkomuleiðir inn í sveitarfélagið þar af leiðandi eingöngu þrjár. Telur sveitarstjórn að slík vöktun væri ákjósanleg. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fela sveitarstjóra*

*DAS*  
*ADJ*  
*BSZ*

*að koma þessari skoðun sveitarstjórnar og nánari upplýsingum á framfæri við framkvæmdateymi Öruggara Suðurlands.*

**17. Bréf frá Eignarhaldsfélagi Brunabótafélagi Íslands frá 2. apríl 2025 ásamt fundargerð fulltrúaráðs EBÍ frá 19. mars 2025.**

Lagt fram bréf frá Eignarhaldsfélagi Brunabótafélagi Íslands vegna samþykkrar tillögu að nýjum samþykktum fyrir Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands. Ein af meginbreytingum sem samþykktar voru er að eftir hverjar sveitarstjórnarkosninga eiga öll aðildarsveitarfélög EBÍ að kjósa í fulltrúaráðið. Auk þess er lögð fram fundargerð fulltrúaráðs EBÍ.

*Sveitarstjórn samþykkir að fela sveitarstjóra að breyta samþykktum um stjórn og fundarsköp Hrunamannahrepps hvað þetta varðar. Fundargerðin að öðru leyti lögð fram til kynningar.*

**18. Bréf frá stjórn Landskerfis bókasafna hf. frá 2. apríl 2025.**

Lagt fram bréf frá stjórn Landskerfis bókasafna þar sem boðað er til aðalfundar Landskerfis bókasafna hf.

*Lagt fram til kynningar.*

**19. Bréf frá skipuleggjendum Miðfellshlaupsins frá 1. apríl 2025.**

Lagt fram bréf frá skipuleggjendum Miðfellshlaupsins þar sem óskað er eftir styrk til framkvæmda við Miðfellshlaupið 2025. Miðfellshlaupið er verkefni sem er hugsað til að hvetja til almennrar hreyfingar og vera hvetjandi til heilsueflingar. Hlaupið er á dagskrá laugardaginn 31. maí n.k. og unnið í samstarfi við Heilsueflandi samfélag og fleiri félagasamtök. Hlaupið í ár er það fimmta á jafnmörgum árum. Hlaupið er styrktarhlaup og að þessu sinni verður hlaupið til stuðnings Vettvangshjálparhóps Björgunarfélagsins Eyvindar í Hrunamannahreppi sem sinnir neyðarviðbragði í Uppsveitum Árnessýslu með samningi við HSU.

*Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að styðja við framkvæmd hlaupsins og að þátttakendur í því fái gjaldfrjálstan aðgang að sundlauginni á Flúðum sem og afnot af búningaöstöðu í íþróttahúsinu á hlaupadeginum og fótboltavelli við íþróttahús. Ennfremur aðstoði starfsmenn áhaldahússins með ýmsum hætti og veiti afnot af bíl.*

**20. Mannréttindastefna Hrunamannahrepps.**

Lögð fram mannréttindastefna Hrunamannahrepps.

*Sveitarstjórn samþykkir að vísa mannréttindastefnunni til umsagnar í Samráðsnefnd um öldrunarmál og til Ungmennaráðs.*

**21. Fulltrúar á aðalfund Brunavarna Árnessýslu bs.**

Kjör fulltrúa á aðalfund Brunavarna Árnessýslu bs. til loka kjörtímabilsins, einn fulltrúi og einn til vara.

*Vegna breytinga á stjórnskipulagi Brunavarna Árnessýslu bs. samþykkir sveitarstjórn samhljóða að Jón Bjarnason verði fulltrúi sveitarfélagsins á aðalfundi Brunavarna Árnessýslu bs. sem haldinn verður í tengslum við vorfund Héraðsnefndar Árnesinga bs. Áheyrrnarfulltrúi verði Alexandra Rós Jóhannesdóttir.*

*Varamaður verði Bjarney Vignisdóttir en varamaður áheyrrnarfulltrúa verði Daði Geir Samúelsson.*

*Handwritten signatures in blue ink: DG, ARJ, BV, and others.*



**22. Fulltrúar á aðalfund Tónlistarskóla Árnassýslu bs.**

Kjör fulltrúa á aðalfund Tónlistarskóla Árnassýslu bs. til loka kjörtímabils, einn fulltrúi og einn til vara.

*Vegna breytinga á stjórnskipulagi Tónlistarskóla Árnassýslu bs. samþykkir sveitarstjórn samhljóða að Jón Bjarnason verði fulltrúi sveitarfélagsins á aðalfundi Tónlistarskóla Árnassýslu bs. sem haldinn verður í tengslum við vorkund Héraðsnefndar Árnasinga bs. Áheyrnarfulltrúi verði Alexandra Rós Jóhannesdóttir.*

*Varamaður verði Bjarney Vignisdóttir en varamaður áheyrnarfulltrúa verði Daði Geir Samúelsson.*

**23. Næsti fundur sveitarstjórnar.**

*Samþykkt að næstu fundir sveitarstjórnar verði haldnir þann 8. maí 2025 kl. 14:00 og 21. maí kl. 14:00.*

**Fjárhagsleg málefni:**

**24. Opnun tilboða í „Yfirborðsfrágang 2025“.**

*Lögð fram fundargerð frá opnun tilboða í „Yfirborðsfrágang 2025“. Fjögur tilboð bárust í verkið. Kostnaðaráætlun Eflu ehf, nam kr. 75.716.200,-*

*Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að taka tilboði lægstbjóðanda sem er Malbikunarstöðin Höfði ehf kr. 67.216.350,- enda uppfyllir hann öll skilyrði útboðsins. Tilboðið nemur 89% af kostnaðaráætlun.*

**25. Minnisblað varðandi opnunartíma íþróttamannvirkja sumarið 2025.**

*Lagt fram minnisblað varðandi opnunartíma íþróttamannvirkja sumarið 2025.*

*Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að lengja opnunartíma sundlaugar frá 1. júní – 15. ágúst þannig að laugin opni alla daga kl. 10:00 í stað þess að opna kl. 11:00 eins og verið hefur.*

*Sveitarstjórn samþykkir einnig samhljóða að auka opnun tækjasalar í íþróttahúsinu þannig að hann verði opinn alla daga vikunnar frá kl. 6:00-20:00 í sumar. Samþykkt þessi byggir á þeirri tillögu að opnun verði að hluta til mannláus en aðgengi tryggt með aðgangskerfi sem eingöngu þeir hafa aðgang að sem skrifa undir sérstaka yfirlýsingu um umgengni og heilsufar og verði þar með á eigin ábyrgð í tækjasalnum.*

**26. Minnisblað varðandi infra rauðan klefa í Sundlauginu á Flúðum.**

*Lagt fram minnisblað varðandi infra rauðan klefa í Sundlauginu á Flúðum.*

*Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að settur verði upp infra rauður klefi við sundlauginu í samræmi við tillöguna sem fram kemur í minnisblaðinu. Framkvæmdin rúmast innan samþykkrar fjárhagsáætlunar. Sveitarstjóra er jafnframt falið að kanna kostnað við upphaf hönnunar að nýju sundlaugarmannvirki en í framhaldi af því verði metið hvort að aukafjárveiting vegna fjárfestingar sé nauðsynleg.*

**Mál til kynningar:**

**27. Ársskýrsla stjórnar Félags eldri Hrunamanna.**

*Lagt fram til kynningar um leið og sveitarstjórn þakkar stjórn og félagsmönnum fyrir gott og gefandi starf á árinu.*

*Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 16:54.*

*Daði Geir Samúelsson*  
*Bjarney Vignisdóttir*  
*Alexandra Rós Jóhannesdóttir*  
*SV*